

Félag eldri borgara á Akureyri /EBAK.

### Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar

#### b/t bæjarstjóra, Eiríks Björns Björgvinssonar

Á stjórnarfundum Félags eldri borgara á Akureyri (EBAK) 26. september 2017 var eftirfarandi yfirlýsing samþykkt samhljóða.

Félag eldri borgara á Akureyri telur hugmyndir Búfesti hsf húsnæðis-samvinnufélag á Norðurlandi, um byggingu íbúða á Akureyri mjög áhugaverðar, hvað varðar „nýtt framboð“ hagkvæmra íbúða, sem reknar væru án hagnaðarkröfu (Not-For-Profit).

Búfesti hsf hefur boðið EBAK upp á samstarf um að byggðar verði nettar íbúðir sem sérstaklega væru ætlaðar aldurshópnum 60 ára og eldri. Þar væri bæði um að ræða leiguíbúðir með stofnstyrkjum ætlaðar fyrir tekjulága og einnig íbúðir til leigu og með hóflegum búseturétti (5-30% af verðmæti). Einnig mun verða kannað að bjóða upp á eignaríbúðir sem væru stofnaðar með kvöðum varðandi endursölu innan félags og á föstu verði.


Af hálfu Búfesti hsf gæti forgangur eldri borgara að hagkvæmum íbúðum á vegum félagsins bæði verið í blandaðri byggð í almennum íbúðahverfum eða í sérhæfðum íbúðakjörnum í tengslum við þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara.

Stjórn EBAK lýsir áhuga á að eiga samstarf við Búfesti hsf og Akureyrarbæ um nánari undirbúning og útfærslu á ofangreindum hugmyndum. Við hvetjum bæjarstjórn til að vinna markvisst að því að hugmyndir Búfesti hsf verði að veruleika til hagsbóta fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu.

Engin fjárskuldbinding eða kostnaður af hálfu félagsins felst í þessari yfirlýsingu.

Akureyri 26. september 2017

f.h. Félags eldri borgara á Akureyri



Formaður

Afrit: Búfesti hsf – Benedikt Sigurðarsson

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 29.09.2017
Málsnr.: 2017090332
Skil: 01-102